



GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi

1. gr.

Sorpeyðingagjald.

- Einbýlishús / íbúð kr. 87.837
- Sumarhús kr. 43.919
- Lögbýli og atvinnuhúsnaði kr. 52.306

Sveitarstjórn Reykhólahrepps er heimilt að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlum úrgangs og tengda starfsemi. Gjaldið skal lagt á allar íbúðir sem birtar eru í fasteignamati, aukaíbúðir í húsum sem eru birtar í fasteignamati sem óskiptar eignir, lögbýli og atvinnuhúsnaði sem birt eru í fasteignarmati. Sorpeyðingargjald er ætlað til að standa undir kostnaði við sorpeyðingu og urðun sorps, ásamt kostnaði við rekstur endurvinnslustöðva og grenndarstöðva. Sorpeyðingargjald greiðist til sveitarsjóðs Reykhólahrepps og skulu gjalddagar vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

2. gr.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorpeyðingargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld skv. gjaldskránni miðast við vísitölu neysluverðs í desember 2023 (604 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin verður birt í B-deild Stjórnartíðinda og tekur þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1764/2021.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 13. desember 2023.


Ingibjörg B. Erlingsdóttir

sveitarstjóri